um ólíkum stíltegundum samtímis, virðist hafa farið vaxandi og viðhorfið er að minnsta kosti gerbreytt frá því sem áður tíðkaðist, þegar ein frábrugðin mynd var talin geta eyðilagt sýningu og það var eins og þegar hestar hlaupa upp af skeiðinu og eru dæmdir úr leik á kappreiðum, ef einhverjum varð það á að vera ekki stranglega á einni línu. Ég minntist á þetta við Guðrúnu og hvort hún hefði kannski tekið mið af Þjóðverjanum Sigmar Polke, verðlaunamanni frá síðasta Feneyja-tvíæringi, sem þykir hafa „stillosigkeit“ eða stílleysi sem megin einkenni. Guðrún harðneitaði slíkum tengslum og sagði:

„Þetta er einungis spurning um margbreytni. Eitt myndefni kallar á þessa útfærslu, - annað myndefni heimtar annarskonar útfærslu - eða stíl, ef þú vilt heldur nefna það svo. Mergurinn málsins er þessi: Ég er leitandi, en hef frjálsar hendur og hef tækni til að gera það sem mig langar til. Núna legg ég alúð við útfærslu á smáatriðum, áður var það tabú. Þetta er spurning um að þroska sjálfan sig.


Að sjálfsögðu hef ég pælt í því, hvernig þessar myndir fara saman. En þetta er bara ég - og sjálf er ég oft ferlega rugluð og ekkert líklegra en að það komi fram. Ég hef mikið hugmyndaflug; er stundum alveg „útspeisuð“ og get dottið inn í heilu kvikmyndirnar í huganum og jafnvel lagst í ferðalög. Já, ég er víst óskaplegur sveimhugi og les mikið um svokallaða esóterík, þetta óútskýranlega, allskonar mystík. Til dæmis hef ég stúderað egyptólógíu og séð, að í þessum fornu egyptzku fræðum er alltaf verið að negla hlutina niður og persónugera þá. Og sannleikurinn er sá, að mér finnst í rauninni það mystíska ekkert mjög mystískt.

Ég get varla útskýrt, hvað það er helzt, sem örvar mig til vinnu. Stundum er örvandi að fara á sýningar. En ég held þó, að það sé einkum forvitnin, sem heldur mér gangandi. Með því að mála er maður að sannreyna eitthvað.“

„Er það einkum þetta, sem gefur lífi þínu gildi; er allt annað aukaatriði?“

„Alls ekki. Mér finnst ástin það merkilegasta í lífinu. Ég get ekki verið ein, ég er svo mikil félagsvera, - verð að vera í andrúmslofti, sem er fullt af ást og umhyggju. Mig vantaði þetta fyrst þegar ég var í München og þar til ég hitti Bob, - var þá alveg að fríka út. Það kom ekkert á óvart; þetta stendur alltsaman skráð í stjörnukortið.

Margar framakonur vilja útiloka ástina og telja, að hún muni bara tefja þær á leiðinni upp metorðastigann. Meðal listamanna er líka sérstaklega mikil hræðsla ríkjandi við það að vera ekki frjáls. Allt á að vera fengið með því að vera frjáls. En hvað er frelsi? Ég held að þetta sé dálítið á misskilningi byggt og að vera ástfanginn þarf ekki að samsvara neinskonar ófrelsi. Sumir telja, að frelsið sé fólgið í því að geta á hverjum tíma gert nákvæmlega það sem hentar manni, - en það getur maður vitaskuld aldrei. Aðalatriðið finnst mér sjálfri að eiga val, en þá verður maður líka að þekkja vilja sinn.“



Næstum alltaf er Guðrún að fjalla eitthvað um manneskjuna: „Það er saga á bak við hverja einustu mynd; það er mér nauðsynlegt“, segir hún í samtalinu.

Við ræddum aðeins um, hvað gæti helzt talizt einkenni tímans varðandi myndlist og hvort það sé rétt, sem sumir hafa haldið fram, að það sé ríkjandi heimskreppa í listinni.

„Ég held að þetta tímaskeið sé dálítið dautt hvað myndlist varðar“, segir Guðrún, „en þetta á eftir að springa út. Ég hef aðeins verið að kenna og get borið vitni um, að það er mjög efnilegt fólk á leiðinni.“

„Svo við höldum okkur við Ísland sérstaklega; hvað finnst þér einkum og sér í lagi, að standi myndlist hér fyrir þrifum?“

„Það er margt. Gagnrýnin til dæmis. Þeir sem blöðin hafa tekið uppá sína arma og látnir eru skrifa gagnrýni eru yfirleitt ómálefnalegir og lýsa sínum eigin persónulegu vandamálum. Hver kannast ekki við þessa lummu hjá Valtý: „Mynd nr.15 fór vel í mig“, eða „ég kunni nú ekki að meta þetta verk“. Sem sagt, enginn rökstuðningur. Þó hneykslar mig mest hjá þessum manni, að gagnrýnin hjá honum hljómar oft eins og sjálfshól. Í fyrsta lagi á ekki að velja myndlistarmenn til þess að skrifa gagnrýni í blöðin. Það pirrar alla og reynslan af því er vond. Stundum er sífellt haldið áfram að skrifa um menn sem nálgast að vera miðaldra eins og þeir séu eilíflega unglingar. Jón Gunnar myndhöggvari hefur verið talinn til hinna ungu, þótt hann sé kominn yfir fimmtugt; Gunnar Örn er unglingur á fimmtugsaldri og þegar þessi fyrrnefndi gagnrýnandi var að skrifa um sýningu Sigurðar Örlygssonar, sem kominn er yfir fertugt, þá var hann að skrifa um efnilegan ungling og meiningin var:- Haltu bara áfram svona væni minn.- Unglingunum er klappað á bakið og svo er haldið áfram að klappa þeim á bakið þangað til þeir eru komnir á sextugsaldur og alltaf eru þeir efnilegir.

Valtýr er ekki sá eini sem er slæmur. Aðalsteinn Ingólfsson er fjárakornið ekkert betri og skrifar ömurlega gagnrýni. Annars nenni ég ekki að ræða svona sjálfskipaða páfa, sem halda að þeir hafi vit á öllu, en stundum gengur alveg yfir mann eins og þegar Aðalsteinn þessi fer að skrifa krítik um uppfærslu á óperum og ballet. Ég sé enga ástæðu til þess í lýðræðisþjóðfélagi að svona heimska sé látin við gangast.

Eitt af því sem vantar eru myndlistarsamkeppnir, bæði fyrir unga og gamla. Mér finnst þetta framtak IBM að gangast fyrir stórri sýningu ungs fólks og verðlauna eitt verkanna vera alveg til fyrirmyndar. Og þegar rætt er um það sem hugsanlega standi myndlist hér fyrir þrifum, þá er ekki hægt að líta framhjá slakri fammistöðu ríkisins og metnaðarleysinu, sem þar ríkir í stuðningi við myndlist. Ef einhver vilji væri fyrir hendi, væri hægt að tífalda þá fjármuni, sem látnir eru af hendi rakna til myndlistar. Því miður er ennþá litið á listamenn sem ómaga.

Um Listasafn Íslands vil ég aðeins segja, að það er fáránlegt að hafa þar æviráðinn forstöðumann. Það er svo annað mál, sem ekki þýðir að kenna forstöðumanni safnsins um, að fjárfamlög til safnsins eru þannig, að ekki er hægt að búast við miklum árangri. Þetta er eitt af því, sem þarf að stokka upp, - og það á að henda þeim út, sem ekki hafa staðið sig. Það er sorglegt, hvað þetta er látið dankast, því við gætum átt athyglisvert safn hérna, sem eftir væri tekið, en áherzlan er lögð á allt annað. Stuðningur við listir er yfirhöfuð mjög með hangandi hendi. Tökum til dæmis alla þá miklu en einhæfu umfjöllun, sem íþróttir fá, bæði í blöðum og ekki sízt í sjónvarpi. Ef listin fengi eitthvað af öllu því blaðarými og sjónvarpstíma, þá held ég að hagur hennar mundi vænkast.“



Eitt af nýrri verkum Guðrúnar. „Riddarinn hugumprúði vill ekki viðurkenna, að hesturinn liggur á hliðinni. Þetta er hetja og hún þrjózkast áfram.“